

Bjarni Össurason Rafnar
Drápuhlíð 18
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2021
UST202101-277/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - friðland í Vatnsfirði

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Bjarna Össurasonar Rafnar, dagsett 19. janúar 2021, um leyfi til að setja upp flothreiður í Vatnsdalsvatni innan friðlandsins í Vatnsfirði.

Vatnsfjörður er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 96/1975. Mannvirkjagerð og jarðrask og hverskonar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða tilraunaverkefni til 5 ára til að bæta varpaðstöðu himbrima á svæðinu. Kort sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu flothreiðursins fylgdi með umsókn. Flothreiðrið er fleki úr timbri og krossvið, 125 cm x 110 cm. Undir flekanum yrði settur korkur sem er meðal annars notaður til að fylla upp í holrúm í bátum og á ekki að molna og er vatnsheldur. Flekanum yrði komið fyrir með fjórum legufærum sem festast með fíngerðri keðju á hvert horn. Legufæri verða líklega forsteyptar pallaundirstöður. Ofan á botninn koma túnþökur. Möguleiki er á að festa greinar við flekann til að gera hann meira aðlaðandi fyrir fugla. Flekanum yrði komið fyrir fyrirhluta maí áður en varptími hefst og fjarlægður að honum loknum. Legufærin verða skilin eftir og taugar festar í lítinn belg svo hægt sé að koma flekanum aftur fyrir á sama stað næsta ár. Að uppsetningunni koma 1-3 aðilar á árabát. Umsækjandi mun vakta hreiðrið yfir sumarið og halda skrá um árangur verkefnisins.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúru, vistkerfi eða ásýnd svæðisins. Um er að ræða afturkræfa framkvæmd og mun verkefnið fara fram á svæði sem fáir gestir fara um á þeim tíma sem flekanum verður komið fyrir. Mat Umhverfisstofnunar er að ef tilraunin beri árangur þá muni hún hafa jákvæð áhrif á svæðið.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Bjarna Össurarsyni Rafnar fyrir sitt leyti leyfi til að koma fyrir flothreiðri í Vatnsdalsvatni innan friðlandsins sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 28. febrúar 2021 til 27. febrúar 2026 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir þeim aðilum sem koma að framkvæmdinni þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Við hönnun flekans skal þess gætt að hann falli inn í landslagið á svæðinu.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlægt ásamt legufærum.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Uppsetning flekans og þegar hann er fjarlægður fyrir veturinn skal fara fram utan varptíma fugla.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá að fylgjast með hvernig tilraunarverkefnið tekst til.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Eddda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur